

Þriðjudaginn 13. október 1998.

Nr. 411/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Hafþóri Smára Sigmundssyni

(Pétur Örn Sverrisson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. október nk. kl. 16. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurði héraðsdómara verði hnekkt, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1998 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 16. október nk. Varnaraðili kærði þann úrskurð til Hæstaréttar 29. september 1998. Með dómi 2. þessa mánaðar var málinu vísað frá Hæstarétti, þar sem kæra hafði ekki borist innan lögmæltis frests. Stóð því óröskið ákvörðun héraðsdóms um lengd gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Þrátt fyrir það hefur sóknaraðili nú krafist fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að gæsluvarðhald yfir varnaraðila verði framlengt til 30. október nk., og var sú krafa tekin til greina með hinum kærða úrskurði. Verður að líta svo á, að sóknaraðili hafi með þessu gert varnaraðila eins settan og ef upphaflegt gæsluvarðhald yfir honum hefði runnið sitt skeið á enda, þegar krafa var tekin fyrir í dómi um framlengingu þess.

Svo sem nánar greinir í úrskurði héraðsdómara, er varnaraðili borinn sökum um að hafa átt hlut að árás á Hörð Eggertsson við Ingólfstorg í Reykjavík aðfaranótt 25. september 1998. Hörður mun

hafa hlotið höfuðkúpubrot og alvarlega blæðingu að heila, sem hefði að mati lækni getað leitt hann til bana, ef ekki hefði tekist að færa hann í bráðaaðgerð svo skjótt sem raun beri vitni. Varnaraðili hefur gengist við því að hafa átt nokkurn hlut að atlögu að Herði umrætt sinn, en neitar að hafa veitt honum áverka á höfði.

Krafa sóknaraðila er eingöngu reist á ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þrátt fyrir þau atvik, sem áður er getið, verður ekki fallist á, að fullnægt sé því skilyrði ákvæðisins, að ætla megi, að gæsluvarðhald yfir varnaraðila sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Þegar af þeirri ástæðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og hafnað kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Hafþóri Smára Sigmundssyni, kt. 191178-4679, með lögheimili að Bröttukinn 4, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Lögregla lýsir málavöxtum svo, að aðfaranótt föstudags 25. september sl. hafi lögreglan í Reykjavík verið kvödd að veitingastaðnum Amsterdam vegna líkamsárásar. Á vettvangi hafi verið Hörður Eggertsson, blóðugur í framan. Hafi hann verið fluttur á slysadeild og farið þaðan strax í bráðaaðgerð.

Rannsókn hafi leitt í ljós, að Hörður hafi hitt kærða, Guðmund Þór Pálsson, og kærða, Hafþór Smára Sigmundsson, við Ingólfstorg og einhver orðaskipti orðið með þeim, sem hafi endað með því, að Guðmundur Þór hefði hrint Herði yfir grindverk, sem skilji að gangstétt frá Ingólfstorgi. Við það hafi Hörður fallið aftur fyrir sig, en náð að snúa sér, svo að hann hafi lent á annarri hlið og getað borið hendurnar fyrir sig. Guðmundur Þór og Hafþór Smári hafi þá hoppað yfir grindverkið og ráðist á Hörð með spörkum, þar sem hann hafi legið á fjórum fótum á götunni.

Kærði, Guðmundur Þór, hafi játað hjá lögreglunni að hafa hrint Herði yfir grindverk og síðan sparkað í hann, þar sem hann hafi legið á fjórum fótum í götunni, eftir að Hörður hafi slegið til hans. Hann muni þó ekki, hvar spark sitt hafi lent í Herði. Hann hafi greint lögreglu frá því, að kærði, Hafþór Smári, hafi einnig sparkað a. m. k. einu sinni í Hörð, en ekki séð,

hvar það spark lenti. Vitnið Birgir Már Ragnarsson hafi greint frá því, að bæði Guðmundur Þór og Hafþór Smári hafi sparkað nokkrum sinnum í Hörð, þó að hann hafi ekki munað, hvar þau spörk hafi lent, en hann hafi þó munað, að eitt spark Guðmundar Þórs hafi lent í höfði Harðar og höfuðið við það kastast til. Vitnið Gunnar Ingvarsson hafi greint frá því, að sig minni, að Guðmundur Þór og Hafþór Smári hafi sparkað í Hörð, þó að hann hafi ekki vitað, hvar spörkin hafi lent. Kærði, Hafþór Smári, hafi neitað þrátt fyrir framburð meðkærða og vitna að hafa sparkað í Hörð. Kærði, Guðmundur Þór, hafi greint frá því, að þeir Hafþór Smári hafi staðið hlið við hlið, er þeir spörkuðu í Hörð. Samkvæmt áverkavottorði hafi Hörður ekki borið aðra áverka á líkama sínum en þá, sem um getur á höfði. Verði því að telja með hliðsjón af staðsetningu kærðu, áverkavottorði og framburði vitna, að spörk þeirra beggja hafi lent í höfði Harðar.

Samkvæmt samtölum við lækna og áverkavottorði frá Garðari Guðmundssyni heila- og taugaskurðlækni hafi afleiðingar árásarinnar verið lífshættulegar, og hefði Hörður látist, ef hann hefði ekki komist strax undir læknishendur. Hörður hafi fengið svokallaða utanbastsblæðingu, sem sé blæðing vegna ytri áverka á milli hauskúpu og ystu heilahimnu. Hann hafi einnig hlotið hauskúpubrot auk mars og yfirborðssára í höfuðleðri fyrir ofan og aftan vinstra eyra. Hörður sé nú útskrifaður af sjúkrahúsinu, en hafi þá enn verið heyrnarlaus á öðru eyra. Batahorfur hans séu nokkuð góðar, en ekki sé víst, að heyrnarleysi hans jafni sig með tímanum.

Ljóst sé, að Guðmundur Þór og Hafþór Smári hafi báðir tekið þátt í árásinni á Hörð. Hér sé um að ræða mjög háskalega árás, þar sem afleiðingar hennar hafi verið lífshættulegar. Ótvírætt sé, að ásetningur kærðu til brotsins hafi verið mjög sterkur, þar sem þeir hafi sparkað í höfuð liggjandi manns. Verði að telja með tilliti til þess, hversu alvarlegt brotið sé, og almannahagsmuna, að kærðu verði ekki sleppt úr haldi, heldur sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi.

Verið sé að rannsaka ætlað brot kærða, Hafþórs Smára, á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, og myndi það brot geta varðað allt að sextán ára fangelsi, ef sök teldist sönnuð.

Kærði, Hafþór Smári, sitji nú í gæsluvarðhaldi til 9. október nk. á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Rannsókn málsins sé nú að mestu lokið, og sé ekki lengur ástæða fyrir því, að Hafþór sæti gæsluvarðhaldi á þeim forsendum. Hins vegar þyki rétt með vísan til alls ofanritaðs svo og með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að fara þess á leit, að ofangreind krafa nái fram að ganga og Hafþór Smári sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans.

Rannsóknargögn málsins bera með sér, að sterkur grunur er um, að kærði hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af gögnunum verður ráðið, að verr hefði getað farið en raun varð á. Í ljósi þess, hve hér er um alvarlegt sakarefni að tefla, telur dómurinn skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík. Samkvæmt því verður krafan tekin til greina, þó þannig, að kærða verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til föstudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hafþór Smári Sigmundsson, kt. 191178-4679, með lögheimili að Bröttukinn 4, Hafnarfirði, sæti gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til föstudagsins 30. október 1998 kl. 16.00.
